



Servalack Halvblank

Vörunr. 5720

Lýsing

Servalack Halvblank (5720) er alkýðbundin lakkmalning, ætluð til nota innanhúss. Lakkmalningin er létt í vinnslu, flýtur og þekur vel. Enn fremur myndar hún harða og sterka filmu og hefur góða viðloðun við flest efni.

Notkun

Servalack Halvblank (5720) er ætluð til notkunar á húsgögn, hurðir, glugga o.fl. innanhúss.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Purrefni: 40 % (rúmmál)
Gljástig: 45	Þynnir: Þynnir nr. 0814 eða terpentína
Pakkningar: 1/2, 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,1 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 8 klst

Undirmálun

Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun og ílögn. Hægt er að grunna með alkýðgrunnum, eins og Hempalin grunnmalningu (4246), Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320) og Grepp Grundfärg (4242). Einnig er hægt að grunna með akrýlgrunnum eins og Hemukrýl bitgrunni (1820) og Aqua Snickerislip (4243).

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Sé Servalack Halvblank (5720) sprautað skal nota Standardfortunning NT-63 (814) til þess að fá hentuga seigju. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viður og spónaplötur: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Servalack Halvblank** (5720).

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með alkýðgrunnum eins og Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320), Hempalin grunnmálningu (4246), eða Grepp Grundfärg (4242), allt eftir aðstæðum hverju sinni. Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Servalack Halvblank** (5720).

Galvaniseraðir fletir og ál: Hreinsið fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820) og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Málið síðan yfir með 1-2 umferðum af **Servalack Halvblank** (5720).

Endurmálun

Fjarlægið olíu, fitu, óhreinindi og gamla lausa málningu. Ef flöturinn er mjög gljáandi og sléttur er nauðsynlegt að matta hann með fínum sandpappír og grunna hann með viðeigandi grunni.

Viður: Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Lokamálun með 1-2 umferðum af **Servalack Halvblank** (5720).


Járn og stál: Hreinsið burt ryð. Blettið með Hempalin ryðvarnargrunni (1205) eða Hempalin menju (1320). Málið 2-3 umferðir með **Servalack Halvblank** (5720).

Athugasemdir

- **Servalack Halvblank** er alkýðmálning og má því ekki fara beint á galvanhúð.
- Ef þarf að spartla notið þá Beckers Snickerispackel og grunnið yfir spartlið.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur naftaleysi.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað. Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Geymist þar sem börn ná ekki til.